

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	18.9.2013	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Þórhallur	Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Gerð var athugasemd við það að grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað of seint. Framkvæmdum við lekavarnarþró lýkur á árinu 2013.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra. Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Engin kvörtun hefur borist vegna starfsemi Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði frá því að síðast var farið í eftirlitsferð í fyrirtækið.

Starfsemin á árinu hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár og einskorðast við vetrar og vormánuði í tengslum við loðnu og kolmunnvertíð. Vinnsla í verksmiðjunni hófst þann 17. janúar og stóð hún yfir með hléum þar til um miðjan maí. Unnið hafði verið úr 44.000 tonnnum af hráefni þegar verksmiðjan var heimsótt

Grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað 28.05.2013 en skv. starfsleyfi á fyrirtækið að skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

Framkvæmdir við lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma eru hafnar. Gert ráð fyrir því að framkvæmdum verði lokið í byrjun október 2013.

Sýnatökur á fráveituvatni fóru fram í janúar sl. Stuðst var við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun varðandi framkvæmd sýnatökunnar. Niðurstöðum mælinga var skilað í eftirlitsferðinni þær benda til þess að losun frá verksmiðjunni sé innan marka starfsleyfis.

Mælingar á TVN í hráefni fara fram reglulega og eru niðurstöður þeirra sendar til eftirlitsaðila.

Áfram er unnið að lausn á fráveitumálum frá salernum og eru nokkrir kostir í skoðun á vegum bæjaryfirvalda og Síldarvinnslunnar.

Síldarvinnslan hefur skilað inn greinargerð til verkfræðistofu varðandi umsókn um nýtt starfsleyfi. Verkfræðistofan mun í framhaldi af því hafa milligöngu um að sótt verði um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunnar en nógildandi starfsleyfi gildir til 1. febrúar 2014

Eftir fundinn var verksmiðjan skoðuð í fylgd verksmiðjustjóra. Engin vinnsla var í gangi en unnið var að almennu viðhaldi. Snyrtilegt var um að litast í verksmiðjunni og á athafnavæði hennar og hvergi sáust ummerki um mengun eða óþrifnað sem rekja mátti til starfseminnar.

ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað 28.05.2012 en skv. lið 1.7 í starfsleyfi á að skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

ANNAÐ

Vakin er athygli á því að skv. losunarleyfi verksmiðjunnar útgefnu 30. júní 2011 skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun skýrslu frá og með árinu 2014 um losun gróðurhúsalofttegunda. sjá nánar í lið 2.2. í losunarleyfi. Einnig er vakin athygli á því að rekstraraðili skal skila inn losunarheimildum skv. lið 3 losunarleyfi eigi síðar en 30. apríl 2014 og árlega eftir það.

Reykjavík, 17.10.2013



Leifur Þorkelsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.